

Ár 2011, fimmtudaginn 3. mars kl. 17 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mættir voru: Guðmundur Þór Guðjónsson, Eyþór H. Ólafsson og Róbert Hlökkversson.

Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Guðmundur Þór Guðjónsson, formaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Í upphafi fundar samþykkti bæjarráð eftirfarandi bókun.

Bæjarráð óskar úrvalsdeildarliði kvenna í körfuknattleiksdeild Hamars innilega til hamingju með frábæran árangur. Frammistaða þeirra er öðrum hvatning til frekari dáða. Í tilefni af deildarmeistaratitlinum í úrvalsdeild kvenna samþykkir bæjarráð 300.000.- kr styrk til þeirra og óskar þeim velfarnaðar í leikjum komandi vikna.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. **Bréf sem borist hafa frá:**

1.1. **Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 14. febrúar 2011.**

Í bréfinu er kynnt Skólavogin sem er tilraunaverkefni sem unnið hefur verið að á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga í samstarfi við valin sveitarfélög frá árinu 2007.

Vísað til umsagnar í fræðslunefnd.

1.2. **Ungmennafélagi Íslands frá 15. febrúar 2011.**

Í bréfinu er kynnt auglýsing frá stjórn Ungmennafélags Íslands eftir umsóknnum frá sambandsaðilum UMFÍ um að taka að sér undirbúning og framkvæmd 1. Landsmót UMFÍ 50+ sem haldið verður helgina 24.-26. júní 2011.

Lagt fram til kynningar.

1.3. **Félagi leikskólakennara frá 22. febrúar 2011.**

Í bréfinu er ályktun frá stjórn Félags leikskólakennara vegna niðurskurðar til leikskóla hjá sveitarfélögum landsins.

Lagt fram til kynningar.

1.4. **Félagi tónlistarkennara frá 11. febrúar 2011.**

Í bréfinu er ályktun mótmælafundar „Samstaða um framhald tónlistarskólanna“ sem haldin var 1. febrúar s.l..

Lagt fram til kynningar.

1.5. **Nordjobb frá 23. febrúar 2011.**

Í bréfinu er óskað eftir að Hveragerðisbær ráði nordjobbara til starfa í sumar.

Því miður sér bæjarráð sér ekki fært að verða við erindinu.

- 1.6. **Sóknarnefnd Hveragerðissóknar frá 10. febrúar 2011.**  
Í bréfinu er óskað eftir að Hveragerðisbær styrki Hveragerðiskirkju með greiðslu fasteignagjalda af henni.  
Bæjarráð samþykkir að styrkja Hveragerðiskirkju sem nemur lóðarleigu, fráveitugjaldi og vatnsskatt. Sama gildir um húsnæði annarra viðurkenndra trúfélaga í Hveragerði sem hlotið hafa skráningu innanríkisráðuneytisins.
- 1.7. **Reykjavíkurborg, leikskólasviði frá 21. febrúar 2011.**  
Í bréfinu er kynnt að hér eftir mun Reykjavíkurborg innheimta raunkostnað en ekki viðmiðunargjald Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna barna sem eru í leikskólum Reykjavíkur en eiga ekki lögheimili í Reykjavík.  
Lagt fram til kynningar. Ekkert barn með lögheimili í Hveragerði er á leikskóla í Reykjavík.
- 1.8. **Lánasjóði sveitarfélaga frá 23. febrúar 2011.**  
Í bréfinu er auglýst eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs Sveitarfélaga en kosið verður í stjórn á aðalfundi sem haldinn verður þann 25. mars n.k.  
Lagt fram til kynningar.
- 1.9. **Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 24. febrúar 2011.**  
Í bréfinu er boðað á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið verður 25. mars n.k. á Hilton Nordica hóteli í Reykjavík.  
Fulltrúar Hveragerðisbæjar á landsþinginu eru Aldís Hafsteinsdóttir og Róbert Hlöðversson.
- 1.10. **Veiðifélagi Varmár og Þorleifslækjar frá 20. febrúar 2011.**  
Í bréfinu er óskað eftir að Hveragerðisbær falli frá arðgreiðslum frá Veiðifélagi Varmár og Þorleifslækjar vegna ára 2008, 2009 og 2010 vegna klórslyssins sem varð árið 2008.  
Því miður sér bæjarráð sér ekki fært að verða við erindinu.  
Tryggingafélag bæjarins hefur bætt þá tjon sem hlaust af slysinu auk þess sem bæjarfélagið hefur þegar lagt út í umtalsverðan kostnað vegna þess.
- 1.11. **Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 22. febrúar 2011.**  
Í bréfinu er kynnt endurgreiðsla VSK vegna kaupa á slökkvibifreiðum og búnaði á árinu 2010 og vegna frestunar á endurgreiðslu VSK frá fyrri tveimur árum. Nú er endurgreiddur að hluta VSK vegna kaupa á búnaði árið 2008.  
Bæjarráð harmar að viðræður við fjármálaráðuneytið á fyrirkomulagi á endurgreiðslu VSK vegna kaupa sveitarfélaga á slökkvibifreiðum og slökkvibúnaði hafi ekki skilað neinum árangri. Mál þetta hefur verið í hnút til margra ára og nú er svo komið að sveitarfélög í landinu eiga verulega fjárhæð inni hjá ríkinu vegna þessa. Það er óásættanlegt að ekki skuli enn hafa verið gengið frá endurgreiðslu ársins 2008 og að greiðslur vegna 2009 og 2010 séu enn ógreiddar.

Bæjarráð Hveragerðisbæjar gerir þá kröfu að staðið verði við fyrirheit í fjárlögum um endurgreiðslu virðisaukaskatts af þessum nauðsynlega búnaði og að ríkið nýti sér ekki óumflýjanleg kaup sveitarfélaga á öryggisbúnaði sem tekjustofn.

**2. Starfsmanna málefni:**

**2.1. Minnisblað bæjarstjóra frá 28. febrúar 2011 vegna samkomulags við leikskólastjóra.**

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra þar sem kynnt er samkomulag við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra vegna lækkunar á stjórnunarkostnaði á leikskólum. Jafnframt lagt fram bréf frá félagi stjórnenda á leikskólum um sama.

Lagt fram til kynningar.

**3. Fjárhagsleg málefni:**

**3.1. Minnisblað frá bæjarstjóra frá 28. febrúar 2011 vegna niðurgreiðslu til foreldra barna hjá dagforeldrum 18 mánaða og eldri.**

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra vegna niðurgreiðslu til foreldra barna 18 mánaða og eldri á gjöldum til dagforeldra.

Bæjarráð samþykkir þá útfærslu sem fram kemur í minnisblaðinu.

Reglurnar gildi frá og með 1. mars vegna barna sem orðin eru 18 mánaða fyrir þá dagsetningu.

**4. Fundargerðir til kynningar:**

**4.1. Stjórnar Eignarhaldsfélags Hveragerðis og Ölfuss frá 21. janúar 2011 (tveir fundir).**

**4.2. Aðalfundar Eignarhaldsfélags Hveragerðis og Ölfuss frá 21. janúar 2011.**

**4.3. Almanavarna Árnæssýslu frá 2. febrúar 2011.**

**4.4. Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands frá 24. febrúar 2011.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17:30

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)